

# Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Innviðaráðuneyti / 14.8.2023 16:18

## Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Ef íbúafjöldi í sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 eða 1.000 við sveitarstjórnarkosningar árið 2026 ber sveitarstjórn hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álitum til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Með hliðsjón af því er þess farið á leit að sveitarstjórn veiti eftirfarandi álit í samræmi við umbeðnar upplýsingar ráðuneytisins. Óskað er eftir að álitnið berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí 2023.

### Sveitarfélag

Heiti sveitarfélags

Kaldrananeshreppur

Vinsamlega veljið nafn sveitarfélags í flettistiku til að fá fram upplýsingar um aldursdreifingu og kyn íbúa til samanburðar við meðaltal á landinu öllu.

Hverjar eru horfur innan sveitarfélagsins hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040?

Viðsnúningur hefur verið á íbúapróun í Kaldrananeshrepp, þar sem yngri kynslóð hefur komið til baka og verið að fjárfesta í eignum. Ekki hefur verið hægt að taka á móti öllum þeim sem hafa viljað flytja á svæðið. Því er ljóst að með góðum innviðum og fjölgun atvinnutækifæra er hægt að horfa fram á fjölgun íbúa til 2040

Hverjir eru veigamestu áhrifaþættirnir í þessari þróun?

Fjölgun húsnæðis, sem sveitarfélagið hefur verið leiðandi í. Bæði með byggingu til sölu og einnig með skipulags vinnu til að fjölga lóðum.

Fjölgun starfa, sveitarfélagið heldur áfram að styðja við nýjar atvinnugreinar með upplýsingum og öðrum upplýsingum sem við á hverju sinni.

### ATVINNA og HÚSNÆÐI

Atvinnulíf – fjöldi starfa, atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu/fjölgun starfa til ársins 2040.

Helstu atvinnuþættir hafa löngum verið útgerð og landbúnaður en ferðaþjónusta á svæðinu hefur farið vaxandi síðustu ár. Lítið sem ekkert atvinnuleysi er í hreppnum og koma margir að á sumrin til að starfa við ferðaþjónustu.

Eftirspurn er eftir húsnæði á Drangnesi og er hægt að horfa fram á fjölgun íbúa til 2040, sérstaklega þar sem yngri kynslóð hefur komið til baka. Þar af leiðandi er hægt að áætla að aukning verður á nemendafjölda Grunnskóla Drangness sem skapar störf og mögulega hægt að starfreka leikskóla.

Einnig er í þróun starfsemi í fiskeldi á sjó sem er komin vel á farveg og mun skapa fjölda starfa í framtíðinni.

Íbúðir – framboð, eftirspurn, lausar íbúðir, áform um byggingu til ársins 2040.

Eftirspurn er eftir íbúðum til leigu og sölu, sem og lóðum til leigu í Kaldrananeshreppi. Sveitarstjórn hreppsins stefnir að fjölgun húsnæðis á Drangnesi til að annast eftirspurn og vinnur að nýju skipulagi til að fjölga lóðum, bæði í þétt- og dreifbýli.

Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu til ársins 2040 er að leggja áherslu á fjölbreytni í húsagerð og byggingu lítilla og meðalstórra íbúða. Íbúðauppbygging mun efla samkeppnishæfni sveitarfélagsins og tekur mið af þróun samfélagsins er varðar fjölskyldustærðir, atvinnulífi og efnahagsþróunar.

### SÉRSTAÐA SVEITARFÉLAGSINS

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu.

Stefnt er að því að efla byggð í Kaldrananeshreppi. Tryggt verði nægt framboð á lóðum, bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Þjónusta við íbúa hreppsins verði eins góð og aðstæður leyfa.

Fjölga skal atvinnutækifærum og fjölbreytileiki þeirra verði aukinn.

Samfélagsleg sérstaða.

Í Kaldrananeshreppi er fámennnt samfélag þar sem allir þekkjast. Það hefur oftast jákvæð áhrif og stuðlar að félagslegri samkennd íbúa.

Félagsstarf krefst virkrar þátttöku sem flestra íbúa og hefur gengið vel.

Möguleikar á búsetu í sveitarfélaginu veita á samstöðu íbúa.

Landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá.

Í Kaldrananeshreppi má víða finna heitt vatn. Á Drangnesi eru tuttugu holur og ein í notkun, sex holur eru á Laugarhóli og ein í notkun á Klúku en svo eru holur á Svanshóli, Bakka, Kaldbak, Kaldrananesi, Ásmundarnesi, í Goðdal og Hveravík. Hús eru hituð á þessum stöðum með heitavatni, einnig eru tvær sundlaugar á þessum stöðum en þær eru Gvendarlaug hins góða og Sundlaug Drangness.

Fjórar friðlýstar fornleifar eru í hreppnum sem finna má í Hafnarhólmi (Akurgirðingar fornar á Akranesi), Kaldbak (Trjefótshaugur), Klúku (Gvendarlaug, hlaðin baðlaug um 100 m norðan við vesturhorn skólans á Laugarhóli) og Svanshóli (Goðahaugur).

Sjö hverfisverndunarsvæði eru þar sem kveðið er á um verndun menningarsögulegra minja, náttúrufars og fleiri þátta en þau eru:

Grímsey; þar er ríkulegur gróður, fuglalíf og minjar.

Tiltekið svæði í Hveravík: Í Hveravík, nánar tiltekið á Strákatanga, er talið að Baskar hafi verið með hvalveiðistöð á 17. öld. Fornleifauppgröftur hófst þar haustið 2005 og stendur ennþá yfir. Þetta svæði mun að líkindum verða friðlýst sem fornleifasvæði.

Skarðsrétt; þar er um að ræða klömbruhlaðna fjárrétt.

Urriðasel; þar hefur frumathugun á fornminjum verið gerð

Nesströnd; þar er mjög falleg og náttúruleg sjávarströnd sem nær upp í fjallsrótina ofan vegar.

Kerling

Gunnustaðagróf í nálægð við Drangnes; þar finnst surtarbrandur og þar er gömul náma.

Allir þessir staðir eru nokkuð mismunandi og sama gildir um forsendur verndunar.

Vatnsverndarsvæði í Kaldrananeshreppi eru fjögur. Tvö svæði eru á Drangnesi, Bæjar- og Bakkagerðsveita. Eitt svæði er á Klúku og eitt í landi Svanshóls.

Við skipulag og uppbyggingu mannvirkja er ávallt horft til öryggis íbúanna hvað varðar náttúruvá og aðra hugsanlega hættu.

Auðlindir.

Auðlindir sjávar er einn megin grundvöllur atvinnulífs í sveitarfélaginu þar sem áhersla er lögð á þátt fiskveiða og frumvinnslu sjávarafurða.

Einnig er Hitaveita Drangness auðlind sveitarfélagsins en árið 1997 fannst heitt vatn á Drangnesi sem hefur haft mjög jákvæð áhrif á byggð á svæðinu.

## FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ - A-HLUTI

Heiti sveitarfélags

Kaldrananeshreppur

Vinsamlega veljið viðeigandi sveitarfélag í flettistiku, yfirfarið og færið inn athugasemdir og ábendingar í athugasemdasvæðið að neðan ef þörf er á.

Athugasemdir vegna forskráðra upplýsinga um fjárhag sveitarfélagsins

## LÖGBUNDIN VERKEFNI

Íslensk sveitarfélög bera ábyrgð á hátt á áttunda tug lögbundinna verkefna. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort neðangreind lögbundin verkefni eru á hendi:

Sveitarfélagsins sjálfs,  
annars sveitarfélags sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga,  
byggðasamlags sbr. 93. - 95. gr. sveitarstjórnarlaga, eða,  
eru unnin á grundvelli annars konar samvinnu, t.d. á grundvelli samstarfssamnings sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga eða annarrar lögbundinnar samvinna.  
Verkefnið eigi ekki við, t.a.m. vegna legu sveitarfélagsins.

Með því að færa tölvubendil yfir spurningamerkið () er hægt að kalla fram viðeigandi lög með nánari upplýsingum um viðfangsefni.

## FJÖLSKYLDA, VELFERÐ OG JAFNRÉTTI

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Önnur samvinna

Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
FJÁRHAGSAÐSTOÐ	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
MÁLEFNI ALDRAÐRA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
STUÐNINGSPJÓNUSTA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
VÍMUVERNIR OG AÐSTOÐ VIÐ EINSTAKLINGA MEÐ FÍKNIVANDA	Sveitarfélagið
AÐSTOÐ VIÐ ERLENDA RÍKISBORGARA	Sveitarfélagið
TÚLKAÞJÓNUSTA	Sveitarfélagið
JAFNRÉTTISMÁL	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?

Félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf

Málefni aldraðraMálefni fólks með fötlun

StuðningsþjónustaVímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivandaAðstoð við erlenda

ríkisborgaraTúlkþjónustaJafnréttismál

Þjónusta sveitarfélagsins

Fjögur sveitarfélög standa að Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps sem stofnuð var árið 2011 en það eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur og Strandabyggð.

Þeir málaflokkar sem félagsþjónustan sinnir er barnavernd, félagsleg ráðgjöf, félagsleg heimaþjónusta, fjárhagsaðstoð, málefni aldraðra og málefni fatlaðra.

Að öðru leiti sinnir Kaldrananeshreppur annarri þjónustu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Kaldrananeshreppur á fulltrúa í Félagsþjónustu Stranda- og Reykhólahrepps. Fulltrúinn hefur þar atkvæðisrétt varðandi þróun og framkvæmd þjónustunnar. sem og allar þær ákvarðanir sem þar eru teknar.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, eftir að lög breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí 2022 hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum farið í samstarf um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Kaldrananeshreppur er því í samstarfi við sveitarfélögin á Vestfjörðum og mun sameining hreppsins við annað sveitarfélag hafa lítil sem engin áhrif á umbætur.

## HÚSNÆÐISMÁL

LÖGBUNDIN VERKEFNI Á SVIÐI HÚSNÆÐISMÁLA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR	Önnur samvinna

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála  
Sérstakur húsnæðisstuðningur

Þjónusta sveitarfélagsins

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Kaldrananeshrepps eru einnig fulltrúar Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Árneshrepps.

Félagsmálastjóri Félagþjónustu Stranda og Reykhólahrepps heldur utan um afgreiðslu sérstakra húsaleigubóta ásamt húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára ungmenna á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimilis.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Kaldrananeshrepps sér um lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála fyrir sveitarfélagið þó þau sinna einnig verkefnum annarra félaga.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála eru í samræmi við nálæg sveitarfélög ekki svo mörg. Verkefni Kaldrananeshrepps gætu átt í hættu við að fara aftarlega í forgangs röðunina ef sameining yrði.

## BÖRN OG FRÍSTUNDIR

LEIKSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÆÐSLUSKRIFSTOFA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
GRUNNSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHEIMILI	Sveitarfélagið
MÁLEFNI BARNNA OG UNGMENNA	Sveitarfélagið
ÞJÓNUSTA VIÐ UNGLINGA	Sveitarfélagið
ÆSKULÝÐSMÁL	Sveitarfélagið
ALMENNINGSBÓKASÖFN	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Strandabyggð

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Leikskólar  
Fræðsluskrifstofa, grunnskólar  
Frístundaheimili  
Málefni barna og ungmenna  
Þjónusta við unglinga  
Æskulýðsmál  
Almenningsbókasöfn

Þjónusta sveitarfélagsins

Kaldrananeshreppur sinnir barna og frístundarmálum að allmestu. Skólstarfið á Drangnesi hefur gengið vel og er starf grunnskólans mjög mikilvægt.

Grunnskóli Drangness var byggður og stofnaður árið 1944 en hann stendur við Aðalbraut 10. Árið 1988 var byggð viðbygging við skólann sem lauk sumarið 1992. Nemendur koma víða úr Kaldrananeshreppi og er skólinn því bæði þéttbýlis- og dreifbýlisskóli. Grunnskólinn á Drangnesi er fámennur skóli og það mótar skólstarfið en það byggir á samkenntu árganga sem hefur það m.a. í för með sér að aukið svigrúm er fyrir hvern og einn að fara á sínum hraða í gegnum grunnskólann.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

## Lýsing

Kaldrananeshreppur er með fræðsluskrifstofu í samvinnu með Strandabyggð, Reykhólahreppi og Árneshreppi.

Strandabyggð heldur úti almenningsbókasafni og hefur það gengið vel.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

## Lýsing

Skólastarfið í sveitarfélaginu er mjög mikilvægt og hefur mörgum hlutverkum að gegna í samfélaginu. Skólinn er rekinn að metnaði og leiðarljós Grunnskólans á Drangsnesi er að þar sé stundað skólastarf sem skapar öllum nemendum tækifæri og rými til að efla sjálfstæði sitt, ábyrgð og sjálfsþekkingu.

Sameining Kaldrananeshrepps við annað sveitarfélag myndi að öllum líkindum ekki hafa jákvæð áhrif á skólastarfið en hann sakapar bæði atvinnutækifæri og eflir félagsstarf í hreppnum.

## MANNVIRKJA- OG SKIPULAGSMÁL

FASTEIGNAMAT	Sveitarfélagið
EFTIRLIT MEÐ MANNVIRKJAGERÐ OG LEYFISVEITINGAR	Sveitarfélagið
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR	Sveitarfélagið
FRAMKVÆMD UMHVERFISMATS	Sveitarfélagið
SKIPULAGSMÁL	Sveitarfélagið
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	Sveitarfélagið
SAMRÁÐ VIÐ FÉLÖG Í FRÍSTUNDABYGGÐ	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Fasteignamat, eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar, eignaskiptayfirlýsingar  
Framkvæmd umhverfismats, skipulagsmál  
Verndarsvæði í byggð  
Samráð við félög í frístundabyggð

Þjónusta sveitarfélagsins

Kaldrananeshreppur sinnir framangreindri þjónustu að öllu leiti.

Skipulagsfulltrúi hreppsins sinnir skipulagsmálum en annars sinnir sveitarstjórn öðrum málefnum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

## Lýsing

Engin af ofangreindri þjónustu er falin öðru sveitarfélagi.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

## Lýsing

Nei, afgreiðsla ofangreindra mála hefur gengið vel og ekki nein ástæða til að áætla að að sameining við annað sveitarfélag fæli í sér tækifæri til úrbóta.

## ÖRYGGISMÁL

ALMANNAVARNIR	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur
BRUNAVARNIR OG BRUNAMÁL, Þ. Á M. SLÖKKVILIÐ	Sveitarfélagið
SJÓVARNIR	Sveitarfélagið
VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRIÐUFÖLLUM	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Almannavarnir  
Brunavarnir og brunamál, þ.á m. slökkvilið  
Sjóvarnir  
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Þjónusta sveitarfélagsins

Kaldraneshreppur er í hluti af sameiginlegri almannavarnarnefnd, en þar eiga fulltrúar brunamála og björgunarsveitar hreppsins seturétt. Í hreppnum er starfandi slökkvilið og björgunarsveit.

Hreppurinn annast sjóvarnir með aðstoð vegagerðar.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á ekki við, þar sem engin slík svæði eru tilgreind í byggð.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Kaldraneshreppur á fulltrúa í Almannavarnarnefnd Strandasýslu og Reykhólahrepps. Fulltrúinn hefur þar atkvæðisrétt varðandi þróun og framkvæmd þjónustunnar. sem og allar þær ákvarðanir sem þar eru teknar.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, afgreiðsla ofangreindra mála hefur gengið vel og ekki nein ástæða til að áætla að að sameining við annað sveitarfélag fæli í sér tækifæri til úrbóta.

## UMHVERFISMÁL, DÝRAHALD O.FL.

SÖFNUN OG MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SORPS	Sveitarfélagið
LANDGRÆÐSLA	Sveitarfélagið
HEILBRIGÐISEFTIRLIT	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
DÝRAVERND OG DÝRAVELFERÐ.	Sveitarfélagið
MEINDÝRAEYÐING ,DÝRAEFTIRLIT	Sveitarfélagið
VARNARLÍNUR VEGNA BÚFJÁRSJÚKDÓMA	Á ekki við
Skýring	Í Kaldraneshreppi eru engin búfé
FJALLSKIL	Sveitarfélagið
FRÁVEITUR	Sveitarfélagið
VATNSVEITUR	Sveitarfélagið
ÝMIS VERKEFNI Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR	Sveitarfélagið
MENGUNARVARNIR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Söfnun og meðferð úrgangs og sorps

Landgræðsla

Heilbrigðiseftirlit

Dýravernd og dýravelferð

Meindýraeyðing, dýraeftirlit

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Fjallskil

Fráveitur

Vatnsveitur

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Mengunarvarnir

Þjónusta sveitarfélagsins

Kaldraneshreppur sinnir framgreindri þjónustu að mestu leiti.

Hjá hreppnum starfa meindýraeyðar sem sjá um meindýraeyðingu og eftirlit. Nýkjörin sveitarstjórn skipar þrjá einstaklinga í fjallskilanefnd til að fara með málefni fjallskila fyrir hönd hreppsins

Að öðru leiti sinnir sveitarstjórn öðrum málefnum fyrir utan heilbrigðisþjónustu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Heilbrigðisstofnun Vesturlands sinnir heilbrigðiseftirliti og eru með næstu starfstöð á Hólmavík.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, afgreiðsla ofangreindra mála hefur gengið vel og ekki nein ástæða til að áætla að að sameining við annað sveitarfélag fæli í sér tækifæri til úrbóta.

## FRAMKVÆMDIR

GATNAGERÐ	Sveitarfélagið
LAGNING OG VIÐHALD VEGA OG STÍGA	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?  
Gatnagerð  
Lagning og viðhald vega og stíga

Þjónusta sveitarfélagsins Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps sinnir framangreindri þjónustu að öllu leiti.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing Engin af ofangreindri þjónustu er falin öðru sveitarfélagi.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, afgreiðsla ofangreindra mála hefur gengið vel og ekki nein ástæða til að áætla að að sameining við annað sveitarfélag fæli í sér tækifæri til úrbóta.

## VERKEFNI SEM SVEITARFÉLÖGUM ER HEIMILT AÐ SINNA

Eftirfarandi eru algeng verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna en ber ekki skylda til, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort og hvernig sveitarfélagið sinnir eftirfarandi verkefnum.

ALMENNINGSAMGÖNGUR	Engin starfsemi
REKSTUR HITAVEITU	Sveitarfélagið
HOLRÆSAMÁL	Sveitarfélagið
MENNINGARSTYRKIR	Sveitarfélagið
REKSTUR SAFNA	Engin starfsemi
REKSTUR NÁTTÚRUSTOFU	Engin starfsemi
REKSTUR RAFMAGNSVEITNA	Engin starfsemi
REKSTUR DAGDVALAR FYRIR ALDRAÐA	Engin starfsemi
REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA	Í samvinnu
FRÍSTUNDASTYRKIR	Engin starfsemi
FRÍSTUNDAHÚS	Engin starfsemi
REKSTUR SUNDLAUGA	Sveitarfélagið
KYNNINGARSTARFSEMI	Sveitarfélagið
FERÐAMÁLAPJÓNUSTUNA	Engin starfsemi
REKSTUR ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA	Sveitarfélagið
ÍÞRÓTTAPJÓNUSTA	Í samvinnu
NÝSKÖPUNARSTYRKIR	Engin starfsemi

Hvernig er verkefnum/þjónustu að ofangreindu tagi sinnt? (stutt greinargerð fyrir hvert verkefni)  
Hér er bæði vísað í verkefni á listanum og hugsanleg önnur ólögbundin verkefni.  
Almenningssamgöngur  
Rekstur hitaveitu  
Holræsamál  
Menningarstyrkir

Rekstur safna  
Rekstur náttúrustofu  
Rekstur rafmagnsveitna  
Rekstur dagdvalar fyrir aldraða  
Rekstur tónlistarskóla  
Frístundastyrkir  
Frístundahús  
Rekstur sundlauga  
Kynningarstarfsemi  
Ferðamálaþjónusta  
Rekstur íþróttamannvirkja  
Íþróttþjónusta  
Nýsköpunarstyrkir

Ólögbundin verkefni

Almenningssamgöngur

- Engin starfsemi

Rekstur hitaveitu

- Hjá Kaldrananeshreppi starfar Hitaveitustjóri sem sinnir verkefnum Hitaveitu Drangsness

Holræsamál

- Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps sinnir holræsamálum

Menningarstyrkir

- Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps tekur fyrir styrktarbeiðnir á sveitarstjórnarfundum

Rekstur safna

Rekstur náttúrustofu

Rekstur rafmagnsveitna

Rekstur dagdvalar fyrir aldraða

-Engin starfsemi

Rekstur tónlistarskóla

- Kaldrananeshreppur er í samvinnu með Strandabyggð í rekstri tónskóla og fara nemendur Grunnskóla Drangsness á Hólmavík til að stunda tónnám

Frístundastyrkir

Frístundahús

- Engin starfsemi

Rekstur sundlauga

- Í Kaldrananeshreppi eru tvær sundlaugar, annars vegar Sundlaugin á Drangnesi og hinsvegar Gvendarlaug hins góða á Laugarhóli í Bjarnarfirði.

Kynningarstarfsemi

- Kaldrananeshreppur sér um alla kynningarstarfsemi og felur þjónustufulltrúa að annast slík verkefni

Ferðamálaþjónusta

- Engin starfsemi

Rekstur íþróttamannvirkja

- Kaldrananeshreppur sinnir rekstri íþróttamannvirkja sem eru Sundlaug Drangsness en þar má finna Líkamsræktarstöð Drangsness. Forstöðumaður sundlaugarinnar annast daglegt viðhald og þann rekstur sem fylgir því að reka almenningssundlaug

Íþróttþjónusta

- Íþróttafélögin í Strandasýslu mynda saman Héraðssamband Strandamanna. Til dæmis er hægt að spila fótbolta með ungmennafélaginu Geisla, stunda skíði með Skíðafélagi Strandamanna og gerast félagi í Ungmennafélaginu Neista, Sundfélaginu Gretti og Golfklúbbi Hólmavíkur.

Nýsköpunarstyrkir

- Engin starfsemi

Tekur sveitarfélagið þátt í rekstri fyrirtækja? Ef svo er, með hvaða hætti?

Lýsing

Nei, Kaldrananeshreppur tekur ekki þátt í rekstri fyrirtækja



Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnið samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Kaldrananeshreppur er í samvinnu með Strandabyggð varðandi rekstur tónlistarskóla en stjórnendur Grunnskólans á Hólmarvík annast framkvæmd hans.

Íþróttafélögin í Strandasýslu mynda saman Héraðssamband Strandamanna og er stjórn sambandsins ákvörðuð af stjórnendum aðildarfélaga.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, afgreiðsla ofangreindra mála hefur gengið vel og ekki nein ástæða til að áætla að að sameining við annað sveitarfélag fæli í sér tækifæri til úrbóta.

## LÖGBUNDNAR STEFNUR, ÁÆTLANIR OG SAMÞYKKTIR

Hefur sveitarfélagið sett sér jafnréttisáætlun?	Nei
Hvers vegna ekki?	Unnið er að framkvæmd hennar
Hefur sveitarfélagið sett sér húsnæðisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	01.01.2023
Hefur sveitarfélagið samþykkt aðalskipulag?	Já
Hvenær tók skipulagið gildi?	15.08.2011
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	27.03.2014
Hefur sveitarstjórn sett sér siðareglur?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	29.05.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér málstefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Búið er að útbúa málstefnu og verður hún tekin fyrir á næsta sveitarstjórnarfundi
Hefur sveitarfélagið sett sér byggðastefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Ekki hefur verið sett fram formleg stefna en finna má ákvæði um þróun byggða í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps
Hefur sveitarfélagið samþykkt viðbragðsáætlun almannavarnanefndar?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	25.02.2021
Hefur sveitarfélagið sett sér brunavarnaráætlun?	Nei
Hvers vegna ekki?	Unnið er að gerð hennar
Hefur sveitarfélagið sett sér loftslagsstefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Ekki hefur verið sett saman formleg stefna, en sveitarfélagið hefur unnið að því að kolefnisjafna sig með skógrækt
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	16.03.2004
Hefur sveitarfélagið sett sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs?	Nei
Hvers vegna ekki?	Ekki hefur verið sett fram formleg stefna en finna má ákvæði um sorpeyðingu í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um stuðningsjónustu?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022

Hefur sveitarfélagið sett sér skólastefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Kaldrananeshreppur hefur ekki sett sér skólastefnu en Grunnskóli Drangsness hefur sett sér skólastefnu
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	13.01.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í gróðaskyni ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Slík styrktarbeiðni hefur ekki borist
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	28.12.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Slík beiðni hefur ekki borist
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um rétt erlendra íbúa til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á erlendri tungu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Unnið er að gerð reglnanna

## LÖGBUNDNAR NEFNDIR

Eru eftirfarandi lögbundnar nefndir starfandi í sveitarfélaginu? Ef, ekki, hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?

Almannavarnarnefnd	Já
Félagsmálanefnd	Já
Jafnréttisnefnd	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	af sveitarstjórn
Kjörstjórn	Já
Náttúruverndarnefnd	Já
Nefnd um málefni leikskóla	Já
Notendaráð vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	er hluti af félagsþjónustu Stranda og Reykhóla
Skipulagsnefnd	Já
Skólanefnd	Já
Stjórn almenningsbókasafns	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	af sveitarstjórn
Ungmennaráð	Já
Öldungaráð	Já

## Sameiningarkostir

TÆKIFÆRI TIL SAMEININGAR VIÐ ANNÆÐ/ÖNNUR SVEITARFÉLÖG

Hvaða sameiningarkostir koma helst til greina? Þeir kostir sem kæmu helst til greina væri sameining við Strandabyggð og Árneshrepp.

Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosti sem koma til greina?

Íbúar Strandabyggðar eru um fjórfalt fleiri en íbúar Kaldrananeshrepps (428 á móti 116) og mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs aukast. Aftur á móti færir fjárhagurinn til sveitarfélaganna, ekki eingöngu til Kaldrananeshrepps.

Hvaða áskoranir hafa þessir sameiningarkostir í för með sér?

Sameining við Strandabyggð myndi hafa fjárhagslegar áskoranir en á ársreikningi sveitarfélaganna frá árinu 2021 má sjá að Kaldrananeshreppur er betur statt fjárhagslega. Vill hreppurinn nýta þessa fjármuni til þess að byggja upp sveitarfélagið fremur en að greiða niður skuldir nággranna sveitarfélags og gæti það haft neikvæð áhrif.

Einnig myndi sameiningin hafa áhif á stjórnskipulagið þar sem kjósa þyrfti nýja sveitarstjórn og Kaldrananeshreppur gæti átt í hættu við að enda í minnihluta.

---

Hefur sveitarfélagið áður verið í viðræðum við annað/önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða eru slíkar viðræður í bígerð?

Hinn 8. október 2005 fór fram kosning um sameiningu sveitarfélaga í norðanverðri Strandasýslu, þ.e. Árnes-, Kaldrananes-, Hólmavíkur- og Broddaneshrepps. Úrslit kosninganna urðu þau að aðeins Broddaneshreppur samþykkti sameiningu við Hólmavík, til varð sveitarfélagið Strandabyggð.

---

Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina við myndun Sameiningin myndi hafa gífurleg áhif á stjórnskipulagið þar nýs sveitarfélags, t.a.m. fjölgun í sveitarstjórn eða aukið sem óhlutbundnar kosningar eru í Kaldrananeshreppi, ólíkt vald til nefnda sem færðu með málefni afmarkaðra svæða Strandabyggð. (heimastjórnir)?

Hvaða lýðfræðilegu veikleikar/styrkleikar myndu felast í þeim sameiningarkostum? Veljið viðkomandi sveitarfélag og helsta sameiningarkost/i í flettistikunni.

Hvaða tækifæri hafa þessir sameiningarkostir í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins?

Kaldrananeshreppur er í samvinnu með Árneshreppi, Strandabyggð og Reykhólahreppi í Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps, almannavarnarnefnd og heilbrigðisþjónustu. Því ekki hægt að áætla að sameining við Árneshrepp og Strandabyggð muni fela í sér frekari tækifæri við uppbyggingu á þjónustu við íbúa.

Atvinnutækifærin munu standa óbreytt en íbúar Kaldrananeshrepps starfað í Strandabyggð og öfugt. Auglýst hafa verið laus störf á vefsíðu hreppsins, hvort sem þau eru í Strandabyggð eða í Kaldrananeshreppi.

Félagsstarf mun einnig standa óbreytt en löngum hafa íbúar Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar sótt í félagslíf og félagsskap hinum megin við bæjarmörkin.

Sameiningin myndi hafa gífurleg áhif á stjórnskipulagið þar sem kjósa þyrfti nýja sveitarstjórn og Kaldrananeshreppur gæti átt í hættu við að enda í minnihluta.

---

Hefur sameining við annað eða önnur sveitarfélög í för með sér tækifæri til hagræðingar? Ef svo er, á hvaða sviðum og hversu mikla?

Sameining við t.d. Strandabyggð myndi að öllum líkindum ekki bera með sér tækifæri til hagræðingar og myndi hafa fjárhagslegar áskoranir.

Á ársreikningi sveitarfélaganna frá árinu 2021 má sjá að Kaldrananeshreppur er betur statt fjárhagslega. Vill hreppurinn nýta þessa fjármuni til þess að byggja upp sveitarfélagið fremur en að greiða niður skuldir nággranna sveitarfélags og gæti það haft neikvæð áhrif.

---

Hvaða tækifæri til umbóta innan sveitarfélagsins gæti sú X hagræðing haft í för með sér?